
1. FUNDUR Í SKÓLARÁÐI SJÁLANDSSKÓLA 15. NÓVEMBER 2022

Mættir: Sesselja Þóra Gunnarsdóttir skólastjóri, Ósk Auðunsdóttir aðstoðarskólastjóri, Ingunn Þóra Hallsdóttir fulltrúi kennara, Sigrún Lilja Traustadóttir fulltrúi starfsmanna, Áslaug Thelma Einarsdóttir fulltrúi foreldra, Tómas Þór Jacobsen fulltrúi grenndarsamfélagsins, Eyþór Elvar Þórarinsson fulltrúi nemenda og Hörður Freyr Sigmarsson fulltrúi nemenda.

Dagskrá skólaráðsfundar:

- Skólapúlsinn- nemendakönnun.
- Klakinn, starfið í vetur.
- Barnvænt sveitarfélag.
- Foreldrastarf og hlutverk bekkjarfulltrúa.
- Aðventan, morgunkaffi með foreldrum.
- Önnur mál.

FUNDARGERÐ

Þriðjudaginn 15. nóvember kom skólaráð saman á fjarfundi til 1. fundar skólaársins 2022-2023.

Fundarefni:

1. Skólapúlsinn - Nemendakönnun

Skólapúlsinn er lagður fyrir þrisvar sinnum á ári í u.m.þ 40 nemenda úrtökum sem dreift er samhverft yfir skólaárið. Skýrsla hefur verið birt á heimasíðu skólans með niðurstöðum fyrir september. Rannsókninni er skipt upp í fjóra þætti: Virkni nemenda í skólanum, líðan og heilsa, skóla og bekkjarandi og opin svör. Niðurstöður fyrir september komu ekki vel út, sjá nánar í skýrslu á heimasíðu skólans.

2. Klakinn

Félagsmiðstöðin Klakinn er með opið hús tvisvar í viku fyrir nemendur í 8. – 10. bekk frá kl. 19:30-22 á mánudögum og miðvikudögum. Opið er fyrir 5. og 6. bekk aðra hvora viku (mánudaga og miðvikudaga til skiptis) frá kl. 17-19. Nemendur í 7. bekk óskuðu eftir því að kynjaskipta opnu húsi og var komið til móts við þá með því að hafa opið hús fyrir stráka aðra hverja viku og opið hús fyrir stelpur vikuna á móti.

Klakinn er einungis opinn fyrir nemendur í Sjálandsskóla. Í haust var opið fyrir alla en það voru að koma of margir unglingar sem starfsfólk Klakans þekkti ekki og var því ákveðið að breyta fyrirkomulaginu. Klakinn er í samstarfi við félagsmiðstöðina Elítuna á Álftanesi. Sameiginlegt ball þessara tveggja félagsmiðstöðva var haldið á Álftanesi 4. nóvember og er á dagskrá að halda annað sameiginlegt ball í Sjálandsskóla eftir áramót.

Forstöðumaður Klakans er að aðstoða Urriðaholtsskóla með hugmyndavinnu við stofnun félagsmiðstöðvar þar en ráðgert er að sú félagsmiðstöð verði opnuð haustið 2023.

3. Barnvænt sveitarfélag

Garðabær er í þeirri vinnu að gera sveitarfélagið að Barnvænu Sveitarfélagi og innleiða Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna í alla sína stjórnsýslu og starfsemi. Gunnar Hrafn Gunnarsson forvarna- og tómstundafulltrúi stýrir verkefninu.

Í tengslum við þessa vinnu er áætlað að setja saman fjölbreyttan rýnihóp nemenda úr 5. – 10. bekk í Sjálandsskóla og halda nemendaping í Sveinatungu.

Í Sjálandsskóla er þema um Barnasáttmálann í 4. bekk.

4. Foreldrastarf og hlutverk bekkjarfulltrúa

Enn hefur ekki gengið að manna bekkjarfulltrúa í tveimur árgöngum, 6. og 7. bekk. Það hefur verið erfitt að fá virkni í bekkjarfulltrúa eftir Covid-19 og er markmið foreldrafélagsins að efla virkni þeirra. Margir bekkjarfulltrúar héldu bekkjarkvöld í tengslum við hrekkjavöku í október og heppnuðust viðburðirnir vel.

Foreldrafélagið er ekki með fullskipaða stjórn, það hefur þrjá fulltrúa og því vantar félaginu liðsauka.

5. Aðventan, morgunkaffi með foreldrum.

Umræða um að hafa aðventukaffi fyrir alla forráðamenn í skólanum föstudaginn 25. nóvember. Umræða um framkvæmd og tilgang. Vangaveltur hvort árangursríkara yrði að hafa aðventukaffið árgangaskipt.

Fulltrúi nemenda kom með hugmynd að atriði í morgunsöng en nemendur í 10. bekk eru búnir að semja lag.

6. Önnur mál

Beiðni frá fulltrúum nemenda að hafa skólaráðsfundina alltaf á þriðjudögum og var sá fundardagur samþykktur.

Fundargerð ritaði:

Ósk Auðunsdóttir